

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalauslausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 800 þúsund krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

2. gr.

Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirgreindum aðilum:

1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.
3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðferfingja sinna í ábýlisjörð sinni.
4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.
Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum áratugum var það algengt, að frumbýlingar tóku jörð á leigu með nokkrum kúgildum og hófu búskap, stundum því nær með tvær hendur tómar að öðru leyti, og farnaðist oft vel.

Nú eru þessar aðstæður ekki lengur fyrir hendi. Flestir, sem nú byrja búskap og ekki hafa fengið jörð eða jarðarpart að erfðum, verða að byrja á því að kaupa sér jörð til ábúðar, en aðrir, sem hafa stundað búskap, en þurfa af einhverjum ástæðum að flytja af ábýlisjörð sinni, verða annaðhvort að kaupa jarðnæði eða bregða búi. Jafnframt hefur jarðarverð farið mjög hækkandi og þá fyrst og fremst vegna bettra húsakynna og aukinnar ræktunar, svo að nú þarf miklu hærri fjárupphæðir til jarðarkaupanna en áður þekktist.

Fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti greitt jarðarverðið af eigin fé. Þeir verða því að fá lán til jarðarkaupanna eða leggja árar í bát og flytja á mölina, sem kallað er.

En lánsfé til jarðarkaupa hefur ekki legið á lausu. Sú stofnun, sem helst hefur hlaupið undir bagga með bændum og bændaeftum, er þannig hefur staðið á, og þó af lítilli getu, er veðdeild Búnaðarbankans. Sá brunnur er nú þurrausinn og meira en það, því að veðdeildin er komin í talsverða skuld við sparisjóðsdeild bankans, og er því ekki frekari úrlausna að vænta þaðan, fyrr en veðdeildinni er séð fyrir auknu fé til útlána í þessu skyni.

Það er engum efa undirorpið, að nokkuð af fólki hefur yfirgefið sveitirnar á undanfórnum árum gegn vilja sínum, sökum þess að það fékk hvorki leigujarðnæði né nauðsynlegt lánsfé til jarðarkaupa. Nú er svo komið, að þetta mál þarfnast skjótrar úrlausnar. Margir biða nú aðeins eftir því, hvort nokkuð rættist úr í þessu efni, áður en þeir leita burt til annarra starfa, en það væri sveitunum óbætlegt tjón.

Leiðin, sem valin er samkvæmt frumvarpinu til fjáröflunar fyrir veðdeild Búnaðarbankans, er ekki nýmæli. Í lögum um Ræktunarsjóð Íslands frá 1935 segir, að ríkisstjórnin geri sérstakan samning við Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum sjóðsins, er nemi allt að 1 400 000 kr. Enn fremur er svo fyrir mælt, að fé Brunabótafélags Íslands og fleiri opinberra sjóða skuli að nokkrum hluta verja til kaup á jarðræktarbréfum.

Með lögum um Búnaðarbanka Íslands frá 1941 voru ákvæði um áðurgreind verðbréfakaup Landsbankans úr gildi numin, enda mun bankinn hafa verið búinn að kaupa þá upphæð í verðbréfum, er lögin ákveða. Hins vegar komu ákvæðin um verðbréfakaup opinberra sjóða ekki til framkvæmda, enda mun ekki hafa verið eftir því gengið.

Landsbankinn keypti árlega, meðan samningurinn gildi, jarðræktarbréf fyrir 300 þús. kr., sem ætla má að jafngildi nú um 3 millj. kr. Þegar litið er á þessa upphæð og ástæður Landsbankans nú, er ekki til mikils mælt, þó að bankinn keypti árlega á næstu árum veðdeildarbréf þau, er hér um ræðir, fyrir meiri hluta upphæðarinnar til þess að greiða úr vandræðum, sem allir eru sammála um að séu óheillavænleg fyrir landbúnaðinn og verði að ráða fram úr.